

Fimmtudaginn 11. maí 1995.

Nr. 350/1993.

**Gunnar Stefánsson og
Guðmundur Sigurðsson**

(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.)

gegn

Íslandsbanka hf.

(Gestur Jónsson hrl.)

Víxilmál. Greiðslustaður. Aðild. Málsástæður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Pétur Kr. Hafstein og Markús Sigurbjörnsson og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. ágúst 1993 og krefjast þess, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnda og þeim verði dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi gerir þær kröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjendum dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Í héraðsdómi er þess getið, að áfrýjendur reisi sýknukröfu á grundvelli aðildarskorts. Ekki verður talið, að útíbu Íslandsbanka hf. að Hamraborg 14 a, Kópavogi, geti verið aðili dómsmáls í skilningi 16. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Þessi annmarki á málatilbúnaði varðar þó ekki frávísun málsins eða sýknu vegna aðildarskorts. Varnaraðili máls þessa er því Íslandsbanki hf.

Af hálfu áfrýjenda hafa verið lögð fram allmörg gögn, sem aflað var, eftir að héraðsdómur var kveðinn upp. Á grundvelli þeirra bera áfrýjendur fram í Hæstarétti þá nýju málsástæðu, að umdeildur tryggingarvixill hafi ekki orðið til fyrr en í júní 1992. Hafi stefndi rit að tvær rangar dagsetningar á víxilskjalið, þ. e. 15. apríl 1992 sem útgáfudag og 1. maí 1992 sem gjalddaga. Af þessu leiði, að víxillinn hafi ekki verið sýndur á réttum greiðslustað á þeim tíma, sem stefndi heldur fram.

Til stuðnings þessari staðhæfingu vísa áfrýjendur einkum til útskriftar úr tryggingarbréfaskrá útíbús stefnda í Kópavogi. Er þar getið tryggingarvixilsins með eftirfarandi tilgreiningu: „Dagsetn.útg.

2. 6. '92“. Halda áfrýjendur því fram, að sú dagsetning sýni, að víxillinn hafi ekki verið afhentur útibúinu fyrir en þann dag og þar með eftir gjalddagann, sem ritaður er á víxilinn. Af hálfu stefnda er hins vegar staðhæft, að hér sé um að ræða innfærsludag í skrá tryggingarbréfa, og séu tryggingarvixlar færðir á hana, „þegar tími gefst til þess, og þar af leiðandi er umrædd dagsetning ekki sú, sem útibúið tók við umræddum tryggingum“, eins og segir í bréfi útibússtjóra 4. febrúar 1994. Af hálfu áfrýjenda hefur ekki verið leitast við að afla gagna, sem varpað gætu skýrara ljósi á þennan ágreining um staðreyndir.

Gögn, sem áfrýjendur öfluðu eftir uppkvaðningu héraðsdóms, þykja ekki vera fullnægjandi sönnun þess, að dagsetningar tryggingarvixilsins séu rangar eða hann hafi eigi verið afhentur stefnda fyrir en í júní 1992. Verður ekki talið, að kröfugerð áfrýjenda á grundvelli hinnar nýju málsástæðu, sem hér um ræðir, fullnægi skilyrðum lokaorða 2. mgr. 163. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 17. gr. laga nr. 38/1994.

Með þessum athugasemdum og að öðru leyti með vísun til forsendna héraðsdóms ber að fallast á niðurstöðu hans.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjendur til að greiða stefnda málskostnað, eins og greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Gunnar Stefánsson og Guðmundur Sigurðsson, greiði óskipt stefnda, Íslandsbanka hf., 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 9. júlí 1993.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 25. júní sl., er höfðað fyrir dómþinginu með stefnu, birtri 24. febrúar 1993, af Íslandsbanka hf., kt. 421289-4769, útibúi nr. 547, Hamraborg 14 a, Kópavogi, gegn Gunnari Stefánssyni, kt. 230409-2509, Norður-Eyvindarstöðum, Álftanesi, Bessastaðahreppi, og Guðmundi Sigurðssyni, kt. 100250-7649, Engihjalla 9, Kópavogi.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verið dæmdir in solidum til greiðslu skuldar, að fjárhæð 800.000 kr., með dráttarvöxtum, eins og þeir eru ákveðnir af Seðlabanka Íslands á hverjum tíma samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, frá 1. maí 1992 til greiðsludags. Þess er krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti í samræmi við 12. gr. l. nr. 25/1987, í fyrsta skipti 1. maí 1993. Þá krefst stefnandi, að stefndu verið dæmdir til greiðslu á 2.390 kr. vegna bankakostnaðar og til greiðslu málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.

Dómkröfur stefndu eru þær, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda í máli þessu og stefnanda gert að greiða þeim málskostnað að mati hins virðulega réttar ásamt virðisaukaskatti lögum samkvæmt.

II.

Stefnandi kveður umstefnda skuld vera samkvæmt víxli, að fjárhæð 800.000 kr., út gefnum af stefnda, Gunnari Stefánssyni, í Reykjavík 15. apríl 1992, en samþykktum til greiðslu af Galileo hf., kt. 630678-1619, í Íslandsbanka hf., Reykjavík, 1. maí 1992. Stefnandi kveður víxillinn vera án afsagnar og framseldan af útgefanda og ábektan af stefnda Guðmundi Sigurðssyni. Skuld þessi hafi ekki fengist greidd þrátt fyrir ítrekuð greiðslutilmæli.

Stefnandi kveðst reisa kröfur sínar á XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og á víxillögum nr. 93/1933. Málskostnaðarkröfu sína reisir stefnandi á 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, en kröfu um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun á lögum nr. 50/1988. Stefnandi kveðst ekki vera virðisaukaskattsskyldur. Beri honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefndu.

Stefndu kveða sýknukröfu sína reista á aðildarskorti og því, að umstefndur víxill sé vistaður í Íslandsbanka hf., Reykjavík, þ. e. höfuðstöðvum Íslandsbanka hf., en þær séu í Kringlunni 7 í Reykjavík.

Sýknukröfu sína vegna aðildarskorts kveða stefndu reista á því, að stefnandi sé ekki löggjafarsona og hafi aldrei verið. Löggjafarsona Íslandsbanka hf. sé aðeins ein og beri kennitöluna 421289-5069. Samkvæmt upplýsingum Þjóðskrár fái einstök bankaútibú sérstaka kennitölu samkvæmt beiðni bankanna vegna bókhalds þeirra, en ekki vegna þess, að útibúin séu sjálfstæðar löggjafarsonur. Hið rétta hefði verið, ef Íslandsbanki hf., aðalbanki, hefði höfðað mál þetta vegna útibúsins að Hamraborg 14 a, Kópavogi.

Stefndu kveða umstefnda víxil hafa verið til tryggingar yfirdráttarheimild Galileo hf. hjá Íslandsbanka hf., og hafi hann verið í Hamraborg 14 a í Kópavogi á gjalddaga og lokadegi sýningarfrests 4. maí 1992 og allt til þess, að hann hafi verið sendur til innheimtu sökum greiðslufalls. Á víxlinum sé

tilgreindur sérstakur greiðslustaður, Íslandsbanki hf., Reykjavík, og hafi því átt að sýna vixilinn til greiðslu í höfuðstöðvum Íslandsbanka hf., Kringlunni 7, Reykjavík.

Stefndu kveða sýknukröfu sína reista auk framangreinds á því, að hinn umstefndi vixill hafi ekki verið sýndur til greiðslu á greiðslustað lögum samkvæmt, sbr. 91. gr. vixillaga nr. 93/1933. Vixilréttur sé því fallinn niður fyrir vangeymslu gagnvart stefndu, sbr. 1. mgr. 53. gr., sbr. 4. gr., 38. gr. og 2. mgr. 46. gr. sömu laga. Það, að vixillinn sé „án afsagnar“, breyti hér engu um. Beri stefnanda að sanna það, að vixillinn hafi verið á greiðslustað, Íslandsbanka hf., Reykjavík, á gjalddaga eða öðrum hvorum tveggja hinna næstu virkra daga þar á eftir.

Stefnandi kveður útibúið nr. 547 að Hamraborg 14 a í Kópavogi sjálfstæða deild innan Íslandsbanka hf., sem hafi sérstaka kennitölu. Reikningar útibúsins séu gerðir upp sjálfstætt og því eðlilegt, að útibúið sem vixilhafi reki mál þetta í eigin nafni. Banki eða bankaútibú geti verið aðili að vixilmáli sem vixilhafi, þótt greiðslustaður vixilsins sé annars staðar en hjá viðkomandi banka eða bankaútibúi.

Af hálfu stefnanda er því mótmælt, að umstefndur vixill hafi ekki verið sýndur til greiðslu á greiðslustað hans á gjalddaga. Staðhæfingar stefndu um annað séu ósannaðar. Í 2. mgr. 46. gr. vixillaga nr. 93/1933 komi fram, að þótt rituð sé á vixilinn athugasemd eins og „án afsagnar“, leysi það vixilhafa ekki undan því að sýna vixilinn innan fresta þeirra, er til þess séu settir. Sönnun þess, að frestir hafi verið látnir hjá líða, hvíli á þeim, er bera vilji það fyrir sig gegn vixilhafa. Samkvæmt 2. mgr. 46. gr. vixillaga hvíli sönnunarbyrðin um þetta á stefndu, en þeim hafi ekki tekist að sanna eða gera sennilegt, að vixillinn hafi ekki verið sýndur til greiðslu á greiðslustað innan lögmæltis frests. Þótt stefndu tækist slík sönnun, hefði það ekki í för með sér, að stefnandi glataði vixilrétti sínum, þar sem 1. mgr. 53. gr. vixillaga gildi aðeins um svokallaða sýningarvixla, en ekki um vixla, sem hafi tilgreindan sérstakan gjalddaga. Sé gjalddagi á vixli tiltekinn, en vixillinn ekki sýndur til greiðslu á greiðslustað, eigi vixilskuldarar þann kost að greiða vixilinn með því að „deponera“ greiðslu á vixilfjárhæðinni, sbr. 42. gr. vixillaganna. Samkvæmt 1. mgr. 53. gr. laganna glati vixilhafi ekki vixilrétti gagnvart samþykkjanda, þótt frestir þeir séu látnir líða, sem gildi um sýningu vixils, jafnvel þótt um sýningarvixil sé að ræða.

III.

Stefnandi reisir kröfur sínar á hendur stefndu á vixli, sem hann hefur lagt fram í málinu með formlega löglegri heimild sér til handa, og rekur hann málið samkvæmt XVII. kafla laga nr. 91/1991. Vixill þessi fullnægir í hví-

vetna formaskilyrðum 1. gr. l. nr. 93/1933. Samkvæmt a-lið 1. mgr. og 2. mgr. 118. gr. l. nr. 91/1991 komast varnir stefndu að í málinu.

Samkvæmt 1. mgr. 16. gr. l. nr. 91/1991 um meðferð einkamála getur hver sá verið aðili dómsmáls, sem getur átt réttindi eða borið skyldur að landslögum. Stefnandi kveður útibú Íslandsbanka hf. nr. 547 við Hamraborg 14 a, Kópavogi, sjálfstæða deild innan bankans og að reikningar útibúsins séu gerðir upp sjálfstætt. Dómskjal nr. 7, sem er útprentun úr fyrirtækjaskrá Þjóðskrárinnar, dags. 22. febrúar 1993, þykir styðja þá staðhæfingu stefnanda, en þar kemur fram, að öll útibú bankans eru skráð sem fyrirtæki í Þjóðskrá og hafa sérstaka kennitölu, þ. á m. útibú bankans við Hamraborg 14 a í Kópavogi. Með hliðsjón af framansögðu svo og dómaframkvæmd, sérstaklega með vísun í Hrd. 1991, 686, og Hrd. 1962, 875, þykir útibú Íslandsbanka, Hamraborg 14 a, Kópavogi, aðili í merkingu 1. mgr. 16. gr. l. nr. 91/1991.

Fram lagður víxill í máli þessu er gefinn út af stefnda Gunnari með athugasemddinni „án afsagnar“. Hefur fyrirvari þessi einnig gildi gagnvart stefnda Guðmundi, sbr. 3. mgr. 46. gr. víxillaga nr. 93/1933. Athugasemd þessi breytir engu um skyldu víxilhafa til að sýna víxilin til greiðslu á greiðslustað innan lögmæltis sýningarfrests, sbr. 2. mgr. 46. gr. þeirra. Samkvæmt 38. gr. víxillaga skal handhafi víxils, sem greiða á tiltekinn dag, sýna víxilin til greiðslu annaðhvort á þeim degi, er hann skyldi greiddur, eða á öðrum hvorum tveggja hinna næstu virkra daga þar á eftir. Samkvæmt 53. gr. laganna glatar víxilhafi rétti sínum gegn öðrum víxilskuldurum en samþykkjanda, ef hann lætur frest þennan hjá líða. Samkvæmt 2. mgr. 46. gr. víxillaga hvílir sönnunarbyrðin um, að frestur til að sýna víxil til greiðslu hafi verið látinn hjá líða, á þeim, sem bera vill það fyrir sig gegn víxilhafa. Samkvæmt þessu hvílir sönnunarbyrðin um, að umstefndur víxill hafi ekki verið sýndur til greiðslu á greiðslustað innan lögmæltis frests, á stefndu. Telja verður, að stefndu hafi ekki tekist að sanna þá staðhæfingu sína, enda hefur henni verið mótmælt af hálfu stefnanda.

Af framansögðu þykir bera að taka allar kröfur stefnanda í máli þessu til greina aðrar en kröfu hans um greiðslu á 2.390 kr. vegna bankakostnaðar, en krafa þessi er örökstudd með öllu. Stefndu greiði stefnanda 150.000 kr. í málskostnað. Við ákvörðun málskostnaðar hefur verið tekið tillit til skyldu stefnanda að greiða virðisaukaskatt af málf lutningsþóknun.

Dóminn kvað upp Ragnheiður Bragadóttir, fulltrúi dómstjóra.

D ó m s o r ð :

Stefndu, Gunnar Stefánsson og Guðmundur Sigurðsson, greiði in solidum stefnanda, Íslandsbanka hf., útibúinu Hamraborg 14 a, Kópa-

vogi, 800.000 kr. með dráttarvöxtum, eins og þeir eru ákveðnir af Seðlabanka Íslands hverju sinni, sbr. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, frá 1. maí 1992 til greiðsludags, og er heimilt að höfuðstólsfæra áfallna dráttarvexti við höfuðstól skuldarinnar að liðnum hverjum 12 mánuðum frá upphafsdegi vaxtanna. Stefndu greiði stefnanda 150.000 kr. í málskostnað, þ. m. t. virðisaukaskatt.
